



Umhverfis- og orkustofnun

Matthildur B. Stefánsdóttir

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær, 14.2.2025

Málsnúmer: 202501-0061

IAS/LÁ

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á grunnvatni úr nýjum borholum við Búlandsá

Vísað er í erindi frá Umhverfis- og orkustofnun, frá 13. janúar 2025 og 13. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn HEF veitna um nýtingarleyfi á grunnvatni við Búlandsá.

HEF veitur ehf., félag alfarið í eigu Múlaþings, óskar eftir leyfi til nýtingar á fersku grunnvatni úr tveimur borholum í Búlandsá, í landi Teigarhorns, til neyslu íbúa í Djúpavogi. Borholurnar voru tilkynntar til Orkustofnunar 22.3.2024. Búið er að skilgreina nýtt vatnsverndarsvæði fyrir vatnsbólið og hefur það verið afhent Múlaþingi en sveitarfélagið vinnur nú að nýju aðalskipulagi fyrir árið 2025-2045 og tekur það í gildi 2025. Áætluð meðalnotkun vatns er 15 l/s og líklegt hámark er 30 l/s. Sótt er um leyfi upp að 40 l/s og gert er ráð fyrir að holurnar tvær ráði við þau afköst. Sótt er um leyfi til 50 ára, til ársins 2075.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Nýtingarsvæðið er innan fólkvangsins á Teigarhorni og skarast lítillaga við náttúruvættið Teigarhorn. Samkvæmt auglýsingu um fólkvanginn þarf leyfi Náttúruverndarstofnunar (áður Umhverfisstofnunar) fyrir framkvæmdum innan fólkvangsins en ekki kemur fram hvort það leyfi er nú þegar fyrir hendi.

Ekki liggja fyrir neinar rannsóknir á vatnshlotinu en mikilvægt er að efnafræðilegt ástand vatnshlotsins sé þekkt í nýju vatnsbóli og fylgst verði með breytingum með reglulegri vöktun.

Fram kemur í dæluþrófun að dæling á 10 l/s veldur niðurdrætti um 2,5 til 4,5 m. Óvíst er hversu mikill niðurdráttur verður við hámarksnýtingu upp á 40 l/s. Þetta þarf að kanna betur og ætti hámarksnýting að miðast við áhrif nýtingar á grunnvatnið og hversu lengi vatnsbólið er að jafna sig. Mikilvægt er að fylgjast vel með niðurdrætti og gæðum vatnsins eftir að nýting hefst.

Nýtingarleyfið ætti að miðast við 30 ár og setja á skilyrði um reglulega vöktun á niðurdrætti og ástandi grunnvatnsins; a.m.k fyrstu árin.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur